# Töflur m/skiptingu framlaga til sóknaráætlana 2022

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Páll S. Brynjarsson <pall@ssv.is>;FV <fv@vestfirdir.is>;Unnur Valborg Hilmarsdóttir <unnur@ssnv.is>;Eyþór <eythor@ssne.is>;'SSA' <ssa@ssa.is>;Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>;SSS <berglind@sss.is>;Páll Björgvin Guðmundsson <pallbg@ssh.is> |
| **Frá** | : | Hólmfríður Sveinsdóttir <holmfridur.sveinsdottir@srn.is> |
| **CC** | : | Guðni Geir Einarsson <gudni.g.einarsson@srn.is>;Gústav Aron Gústavsson <gustav.a.gustavsson@srn.is>;Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>;Þórarinn V. Sólmundarson <thorarinn.solmundarson@mrn.is>;'Sigríður Þorgrímsdóttir' <sigga@byggdastofnun.is> |
| **Heiti** | : | Töflur m/skiptingu framlaga til sóknaráætlana 2022 |
| **Málsnúmer** | : | 1906002 |
| **Málsaðili** | : | Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu |
| **Skráð dags** | : | 09.11.2021 11:19:17 |
| **Höfundur** | : | Hólmfríður Sveinsdóttir <holmfridur.sveinsdottir@srn.is> |

**Viðhengi**
Skipting grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlana landshluta 2020 m töflum 10.09.pdf Skipting grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlana landshluta 2020 m töflum 10.09.pdf
2022_Skipting grunnframlaga_töflur.docx 2022_Skipting grunnframlaga_töflur.docx
image004.gif image004.gif
image003.gif image003.gif
image002.jpg image002.jpg

Til landshlutasamtaka sveitarfélaga

Heil og sæl aftur

Í viðhengi er að finna fjórar töflur sem sýna m.a. forsendurnar bak við skiptingu sóknaráætlanaframlögin. Upplýsingar á bak við fjórar af sex breytum hafa verið uppfærðar. Atvinnusóknasvæðin og fjarlægðarfastinn eru óbreytt frá því síðast.

Set einnig til upprifjunar minnisblað sem landshlutasamtökin fengu send þegar greint var frá skiptingu framlaga haustið 2019.

Með góðum kveðjum,
Hólmfríður.

**Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur / Senior Advisor**
skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Hólmfríður Sveinsdóttir/SRN/NotesSTJR
Dags: 08.11.2021 15:42:15
Til: Páll S. Brynjarsson <pall@ssv.is>, FV <fv@vestfirdir.is>, SSNV <unnur@ssnv.is>, Eyþór Björnsson <eythor@ssne.is>, SSA <ssa@ssa.is>, Bjarni Guðmundsson <bjarni@sudurland.is>, SSS <berglind@sss.is>, SSH <pallbg@ssh.is>
Afrit: gudni.g.einarsson@srn.is, sigga@byggdastofnun.is, Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>, Þórarinn V. Sólmundarson <thorarinn.solmundarson@mrn.is>
Efni: Skipting framlaga til sóknaráætlana 2022
-----------------------------------------------------

Tilvísun í mál: SRN19090100

**Til landshlutasamtaka sveitarfélaga**

Heil og sæl öll

Ráðherra hefur samþykkt uppfærða og endurskoðaða skiptareglu grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlana fyrir árið 2022. **Sjá töflu 1** hér að neðan. Taflan er sett fram með þeim fyrirvara að enn liggur ekki endanlega fyrir hver framlög ríkisins til sóknaráætlana verða á næsta ári, enda bíður það samþykktar fjárlaga. Upphæðirnar sem stuðst er við eru þær sömu og árið 2021. Að óbreyttu er fyrirsjáanleg um 10 m.kr. lækkun á framlagi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, líkt og kom fram í pósti mínum til ykkar þann 16. september sl. Ekki er tekið tillit til þeirrar lækkunar hér. Komi til lækkunar verður hún sett inn í reiknilíkanið.

Þegar skiptareglan var samþykkt haustið 2019 var jafnframt ákveðið að upplýsingar bak við hana yrðu uppfærðar og skiptareglan endurskoðuð fyrir árið 2022 og aftur fyrir árið 2024. Hefur það verið gert. Við þá breytingu hækkuðu fjórir landshlutar, þrír landshlutar lækkuðu og höfuðborgarsvæðið stóð í stað þar sem það er ekki tengt við reikniregluna. **Sjá töflu 2, sem sett er fram til samanburðar.**

Ákveðið var að leita leiða til að enginn landshluti myndi lækka í framlögum milli ára. Jafnframt var ákveðið að hækka framlag til höfuðborgarsvæðisins um 3 m.kr., enda er svæðið fullgildur þátttakandi í sóknaráætlunum landshluta. Höfuðborgarsvæðið stendur áfram utan við skiptaregluna sjálfa.

Til þess að enginn landshluti lækki milli ára miðað við óbreytt framlag var ákveðið að:

- Leggja til tímabundið viðbótarframlag að upphæð 6,9 m.kr. Framlagið kemur af fjárlagalið byggðaáætlunar og sóknaráætlana 10-701-1.15 (2,7 m.kr.) og frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (4,2 m.kr.).
- Enginn landshluti hækki um meira en sem nemur 1,5%.

Skiptareglan byggir á sömu sex forsendum (breytum), þ.e. íbúafjöldi, atvinnuleysi, íbúaþróun, meðalútsvarsstofn, stærð og fjöldi vinnusóknarsvæða og fjarlægð frá höfuðborg. Upplýsingarnar bak við fjórar fyrstnefndu breyturnar hafa verið uppfærðar.

Tafla 1
*Skipting grunnframlaga til sóknaráætlana landshluta árið 2022*

| Landshlutar | Tillaga 2022 | Framlag 2021 | Breyting | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| Vesturland | 89.758.065 | 88.471.753 | 1.286.312 | 1,5% |
| Vestfirðir | 97.565.437 | 97.565.437 | - | 0,0% |
| Norðurland vestra | 94.661.661 | 93.349.565 | 1.312.096 | 1,4% |
| Norðurland eystra | 115.469.273 | 115.469.273 | - | 0,0% |
| Austurland | 96.925.099 | 96.925.099 | - | 0,0% |
| Suðurland | 101.127.424 | 101.002.214 | 125.210 | 0,1% |
| Suðurnes | 84.528.020 | 83.316.659 | 1.211.361 | 1,5% |
| Höfuðborgarsvæði | 28.000.000 | 25.000.000 | 3.000.000 | 12,0% |
| **Samtals** | **708.034.978** | **701.100.000** | **6.934.978** | |

Tafla 2

*Samanburðartafla þar sem eingöngu upplýsingar hafa verið uppfærðar*

| Landshlutar | Tillaga 2022 | Framlag 2021 | Breyting | Breyting % |
|---|---|---|---|---|
| Vesturland | 90.057.582 | 88.471.753 | 1.585.829 | 1,8% |
| Vestfirðir | 96.521.363 | 97.565.437 | - 1.044.074 | -1,1% |
| Norðurland vestra | 94.709.718 | 93.349.565 | 1.360.153 | 1,5% |
| Norðurland eystra | 112.123.239 | 115.469.273 | - 3.346.034 | -2,9% |
| Austurland | 94.239.368 | 96.925.099 | - 2.685.731 | -2,8% |
| Suðurland | 101.184.445 | 101.002.214 | 182.231 | 0,2% |
| Suðurnes | 87.264.285 | 83.316.659 | 3.947.626 | 4,7% |
| Höfuðborgarsvæði | 25.000.000 | 25.000.000 | - | 0,0% |
| **Samtals** | **701.100.000** | **701.100.000** | **0** | |

Með góðum kveðjum,
Hólmfríður.

**Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur / Senior Advisor**
skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Governmen
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
www.samgonguraduneyti.is - Fyrirvari/Disclaimer

JAFNLAUNAVOTTUN